

---

## Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál



Innanríkisráðherra opnar nýjan vegakafla á Vestfjarðavegi 60, 11. september 2015.

**Skýrsla til 60. Fjórðungspings Vestfirðinga  
haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015**

---

## Holar dropinn steininn?

Í allnokkur undanfarin ár hafa Vestfirðingar blessunarlega náð að standa saman að óskalista til ríkisvaldsins um framkvæmdaröð í samgöngumálum. Umræddur listi hefur undanfarin ár verið svotil óbreyttur, sem verður að teljast bæði gott en reyndar líka slæmt. Því vissulega er gott að standa einbeitt að sömu stefnunni ár eftir ár, en að sama skapi eru það mikil vonbrigði hvað framkvæmdahraði ríkisins er langt frá þeim væntingum sem Vestfirðingar hafa til úrbóta á sviði samgangna.

### 1. Samgöngunefnd: Fastanefnd FV um samgöngumál

„Innan vébanda Fjórðungssambands Vestfirðinga starfar fastanefnd um samgöngumál. Hún gætir hagsmuna Vestfirðinga í samgöngumálum, fundar reglulega, stendur fyrir stefnumótun í málaflokknum, heldur málþing, þrýstir á ríkisvaldið. Samgöngunefndin hefur samvinnu við sveitarfélögin og ríkisvaldið eftir því sem mögulegt er. Skýrsla nefndarinnar er flutt árlega á Fjórðungspingi Vestfirðinga.“ ([www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is) = heimasíða Fjórðungssambandsins).

#### Fastanefnd FV um samgöngumál 2014-2015:

Sigurður Hreinsson, formaður, Ísafjarðarbæ  
Ingibjörg Benediksdóttir, Strandabyggð  
Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppi  
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppi  
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ

#### Varafulltrúar:

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Pétur Markan, Súðavíkurhreppi  
Magnús Jónsson, Vesturbyggð  
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi  
Vilberg Þránínsson, Reykhólahreppi,

Kosið var í núverandi Samgöngunefnd á Fjórðungspinginu 2014 og lokið var við skipun nefndarinnar á fundi stjórnar FV þann 23 október 2014.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn þann 29 janúar á Caf  Riis á H lmav k. Það kann að vera l ysandi fyrir m laflokkinn að ekki komust allir nefndarmenn   fundinn vegna  f r dar.

Þri judaginn 3. mars 2015 er haf ur   minni Samg gnunefndar FV sem „Fundardagurinn mikli“ þar sem þ  var fundað me  helstu samg ngustofnunum og emb ttum   Reykjav k. Nefndin og framkv mdastjóri sambandsins fengu a st  u   Innanr kisr  duneytinu og til fundar var stefnt Vegam lastj ra og fulltr um Vegager arinnar, Isavia, P st- og fjarskiptastofnunar og Fjarskiptasj  s. Þ  var og fundað me  emb ttism nnum   r  duneytinu sem og tekinn stuttur fundur me  innanr kisr  dherra. Fundir þessir voru mj g gagnlegir fyrir okkur nefndarmenn, en ekki s  ur fyrir þ  sem komu fengu   hl  a   sj narmi  okkar Vestfir inga.

Seinna sama vetur áttu framkvæmdastjóri FV, Aðalsteinn Óskarsson, og formaður nefndarinnar óformlegann fund með formanni samgönguráðs. Sömu einstaklingar fengu svo að vera aðnjótandi þeirrar ánægju að vera viðstaddir vígslu á nýjum vegi um Kjálkafjörð og Kerlingafjörð, snemma á haustdögum.

Auk þessa hélt nefndin þrjá símafundi á liðnu starfsári. Sá fyrsti var daginn fyrir „Fundardaginn mikla“ í Reykjavík. Annar símafundurinn var í aðdraganda umsagnargjafar til Alþingis um samgönguáætlun og var sá símafundur haldinn 1 júní. Þriðji fundurinn fór svo fram í aðdraganda þessa Fjórðungspings og var haldinn þann 22 september.

## **2. Umsögn um samgönguáætlun 2015-2018**

Samgöngunefnd kom að umsögn um frumvarp til samgönguáætlunar sem lögð var fram á vorþingi, seint í maí. Stjórn FV sendi þá umsögn þann 9. júní 2015 inn ásamt öðrum atriðum sem rædd voru á fundi með umhverfis og samgöngunefnd Alþingis, sem og þær ályktanir sem samþykktar voru á síðasta fjórðungspingi í samgöngumálum. Hér á eftir kemur sú umsögn í heild sinni.

### **Umsögn um mál 770, um þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018.**

Vísað er til fundar Fjórðungssambands Vestfirðinga og sveitarfélaga á Vestfjörðum með umhverfis og samgöngunefnd þann 2. júní s.l.. Á fundinum var lagt fram minnisblað samgöngunefndar Fjórðungssambands (sjá viðauka) en jafnframt kynnt að minnisblaðinu yrði fylgt eftir með nánari umsögn. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fjallaði um málið á fundi sínum þann 8. júní og samþykkti að auka við minnisblaðið eftirfarandi atriðum.

### **Hafnir.**

Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir því hve litlu fjármagni á að veita til hafnarframkvæmda á Vestfjörðum á áætlunartímabilinu. Vegna samdráttar í fjárveitingum frá hrúni er ástand hafna orðið bágborið og ekki er hægt að ljúka þeim nýframkvæmdum sem lagt hefur verið af stað með. FV beinir því til umhverfis og samgöngunefndar að taka sérstaka umræðu um málefni hafna og vísar þar m.a. til umsagna sveitarfélaga á Vestfjörðum.

### **Endurbætur vegakerfisins.**

Uppbygging og nýframkvæmdir stofnvega með varanlegu slitlagi á Vestfjörðum hefur staðið yfir í um 40 ár. Með þessum langa framkvæmdatíma er vegakerfið orðið mjög misjafnt að gæðum, langir vegakaflar eru samkvæmt nýjustu stöðlum en inn á milli eru kaflar með einbreiðu slitlagi, nær ónýtu burðalagi og standast ekki kröfur til umferðaöryggis. Eru þessir kaflar í raun flöskuhálsar á annars gott vegakerfi, fyrir flutningsaðila, vetrarþjónustu og hinn almenna vegfarenda ekki síst ferðamenn. Einn lengsti vegkaflinn í þessum efnum er frá hálsinum á milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar og að Hattardalsá í botni Álftafjarðar. Verkefnið er það stórt að það verður ekki tekið af almennu viðhaldsfé og beinir Fjórðungssamband Vestfirðinga til umhverfis og samgöngunefndar að leggja til sérstaka fjárveitingu í þetta verkefni. Heildarkostnaður er um 1,2 milljarðar en því má skipta upp í áfanga.

### **Einbreiðar brýr.**

Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur undir umfjöllun samgönguáætlunar um ástand brúa í Vegakerfinu. Einbreiðar brýr á stofnvegkerfi á Vestfjörðum um 40 og auk hinnar augljósu hættu sem af þeim skapast þá eru margar byggðar fyrir áratugum síðan og ekki hannaðar fyrir þá flutninga sem um þær fara í dag. Með vaxandi umsvifum í atvinnulífi þá eru þær orðnar flöskuhálsar, eitt skýrasta dæmið um slíkt er brúin í botni Tálknafjarðar.

### **Almenningssamgöngur.**

Fjórðungssamband Vestfirðinga harmar að ekki verði aukið við fjármagn til almenningssamganga. Sú sérstaka staða er á Vestfjörðum að fjármagn til almenningssamgangna hefur að viðmiði stöðu vegakerfisins eins og það var á árinu 2003. Dæmi um þetta, er að fjármagn til sérleyfisaksturs milli Ísafjarðar og Hólmavíkur og eða á milli Patreksfjarðar, Brjánslækjar og Ísafjarðar, miðast einöngu við akstur yfir sumartímann. Hér er því ekki tekið tillit til þeirra framfara sem hafa orðið á vegakerfinu þessum tíma og aukna kröfu um almenningssamgöngur.

Það eru einnig vonbrigði að í samgönguáætlun er ekki orðið við þeirri sanngjörnu kröfu, að bæta rekstaráðilum lækkun á endurgreiðslu olúgjalds. En endurgreiðsla olúgjalds var lækkuð eftir að landshlutasamtök sveitarfélaga höfðu gengið frá samningum um akstur, en þar var endurgreiðsla olúgjalds ein af samningsforsendum við rekstaráðila og í samningum landshlutasamtakanna við Vegagerðina. Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir þá kröfu að mál verði leiðrétt.

### **Vestfjarðvegur um Dynjandisheiði.**

Á bls 45 í þingskjali er tilgreint að *Lagt er til að framkvæmdir við endurgerð Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði hefjist árið 2017 en um er að ræða rúmlega 30 km langan veg.* Með tillögunni fylgir kort með hugmynd að útfærslu á endurgerð vegarins og í greinargerð kemur fram að heildarkostnaður við framkvæmdina geti numið um 4,5 milljörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir alvarlega athugasemd að við kynningu á tillögunni eru einungis settar fram tillögur að vegstæði vegar á milli Borgarfjarðar í Arnarfirði, frá munna Dýrafjarðarganga og í Flókalund í Vatnsfirði. Hér vantar að tilgreina að vegur um Dynjandisheiði á einnig að tengja suðurfirði Arnarfjarðar t.d. uppúr Trostansfirði eins og vegurinn er í dag. Fjórðungssamband Vestfirðinga fer því að leit við umhverfis og samgöngunefnd að greinargerð samgönguáætlunar verði uppfærð hvað þetta atriði varðar, þannig enginn vafi sé um að hér sé um samhangandi framkvæmd.

Dýrafjarðargöng og endurbygging vegar um Dynjandisheiði felur í sér tvo meginkosti. Annars vegar að mynda að nýju heildstætt þjónustusvæði á Vestfjörðum og stytta akstur tíma á milli atvinnusvæðanna á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum. Hinsvegar að stytta vegalengdir frá norðanverðum Vestfjörðum og úr Arnarfirði inn á Þjóðvegakerfið.

## Viðauki.

Minnisblað sem lagt var fram á fundi umhverfis og samgöngunefndar Alþingis þann 2. júní 2015. Hinsvegar er kynnt samþykkt 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga um samgöngumál.

### Minnisblað um þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018.

Til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis

Frá. Fjórðungssambandi Vestfirðinga Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fjallaði um þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018 á fundi nefndarinnar þann 1. júní 2015. Nefndin telur mikilvægt að nú sé loks komin fram samgönguáætlun sem taki á brýnustu verkefnum sem vestfirsk samfélög og atvinnulíf hafa beðið eftir um langt árabíl. Þetta eru framkvæmdir sem hér segir; **Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit, Dýrafjarðargöng, Dynjandisheiði og Strandavegur norður í Árneshreppi**. Einnig er mikilvægt að aukið fjármagn er nú sett til viðhalds vegakerfisins og til vetrarþjónustu og að aukið fé er til viðhalds á áætlunarflugvöllum.

Nefndin styður því samþykkt samgönguáætlunar. Jafnframt bendir nefndin á að fjármagn til samgöngumála hafi verið skorið það harkalega niður frá hrúni, að sú aukning sem gerð er að tillögu í samgönguáætlun, er ekki nægjanleg til þess að mæta þörfum atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Hvetja verður Alþingi nú við afgreiðslu samgönguáætlunar að auka fjármagn til verkefna innan áætlunarinnar, til þess að þau verði langt kominn við lok áætlunartímabils (sjá kort sem fylgir minnisblaðinu).

- Fagna ber úrsskurði Skipulagsstofnunar um að heimila umhverfismat á leið Þ-H í Gufudalssveit. Sú ákvörðun mun kalla á auknar rannsóknir á umhverfi og lífríki svæðisins og því verður að tryggja að þær rannsóknir verði fjármagnaðar þannig ekki verði um frekari tafir á þessu mikilvæga verkefni.
- Flýta útboði og framkvæmd Dýrafjarðarganga þannig hefja megi framkvæmdir haustið 2016. Dýrafjarðargöng eru meginforsenda fyrir eflingu fiskeldis á Vestfjörðum t.d. uppbyggingu miðlægrar þjónustu og fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum með bættu aðgengi að Dynjanda.
- Flýta framkvæmdum á Veiðileysuhálsi á Strandavegi. Endurbygging vegar um Veiðileysuháls mun gera mögulegt að hækka snjómokstursstig og lengja þannig verulega nýtingu Strandavegar árið um kring, fyrir samfélag og atvinnulíf í Árneshreppi
- Auka fjármagn til rannsókna er varða nýja jarðgangakosti s.s. Álftafjarðargöng og hefja undirbúning að könnun á öðrum jarðgangakostum á Vestfjörðum til frekari eflingar samfélagi og atvinnulífi á svæðinu.

Með minnisblaðinu fylgdi ályktun 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga um samgöngumál sem má kynna sér á vef FV.

## 3. Innanlandsflug og almenningsamgöngur

### Almenningsamgöngur í lofti

Það er staðreynd að viðhald mannvirkja og tækjabúnaðar á flugvöllum, hefur verið skorið mjög mikið niður undanfarin ár og eru horfur ekkert sérstakar ef miðað er við nýtt fjárlagafrumvarp. Á þessu ári má þó lofa það sem til betri vegar hefur þokast og ber þar hæst að endurbótum á Gjögurflugvelli var lokið í sumar sem leið. Völlurinn þar var lagður bundnu slitlagi og rafkerfi sem og ljósabúnað endurnýjaður.

Fátt nýtt eru hægt að segja um Þingeyrarflugvöll, hann hefur eingöngu verið nothæfur sem sumarbraut eftir að flugvélar Flugfélagsins sporuðu sig niður úr slitlaginu í mars 2013. Engar fjárveitingar hafa fengist til lagfæringa og ekki útlit fyrir breytingu þar á. Það er vert að taka það til alvarlegrar athugunar að afskrifa Þingeyrarflugvöll alfarið og skora á Isavia að hefja athuganir á nýju flugvallarstæði fyrir norðanverða Vestfirði. Það er fyrirliggjandi að flug til Ísafjarðar er stutt frá þolmörkum og frekari fækkun farþega mun gera áætlunarleiðina ósjálfbæra. Besta leiðin til að tryggja flug á þessari leið er að vera með flugvöll sem hefur hærra nýtingarhlutfall og lengri nýtingardaga en núverandi völlur. Annar vetur með sambærilegum mánuði eins og síðasti febrúar, með um 40% aflýstum flugferðum, getur hæglega gengið frá flugi á áætlunarleiðinni.

Á Bíldudalsflugvelli er enn beðið eftir húsnæði fyrir tækjakost vallarins og ekkert hefur þokast með þá umræðu að lengja flugbrautina þannig að ekki þurfi að beita takmörkunum á flugtök af vellinum.

### **Almenningssamgöngur á landi**

Stjórn og framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins hafa unnið að samningum um almenningssamgöngur á landi í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda, Vegagerðar og landhlutasamtaka. Tekist hefur að koma á heilsárssamgöngum á tveimur leiðum, á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur (sem tengjast Strætó nr. 59.) og frá Patreksfirði að Brjánslæk í tengslum við Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Þriðja leiðin er að koma á áætlunarferðum að sumrinu á milli Ísafjarðar og Brjánslækjar.

Vandamálið við að koma þessu verkefni á koppinn er af svipuðum meiði og mörg önnur sem tengjast ríkisvaldinu, að allt of litlir fjármunir eru settir í þetta. Óskandi væri að stjórnvöld sýndu almenningssamgöngum á Vestfjörðum sama skilning og samskonar akstri á höfuðborgarsvæðinu.

## **4. Fjarskiptamál: Ljósleiðari um Vestfirði**

„ Þrátt fyrir verulegar umbætur á nettengingum undanfarið hafa nýlegir atburðir sýnt svo ekki verður um villst að hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu. Fjórðungsping Vestfirðinga heitir á stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit um skjóta úrlausn þeirra mála. Lagning ljósleiðara frá botni Hrutafjarðar norður Strandir til Strandabyggðar og Kaldrananeshrepps þýðir að þessi svæði fá loks viðunandi netsamband sem er forsenda áframhaldandi uppbyggingar á svæðunum. Tenging Strandabyggðar við Ísafjörð gegnum Djúpið lokar hringnum og þannig mun gagnaflutningsnet um Vestfirði verða grundvöllur bættra búsetuskilyrða á Vestfjörðum og auka öryggi íbúa.“

Þannig hljómar samþykkt frá síðasta Fjórðungspingi um uppbyggingu ljósleiðaranets og hringtenging ljósleiðarans á Vestfjörðum. Skemmst er frá því að segja að hafnar eru úrbætur í þessum málaflokki sem flýta hringtengingu gagnaflutningsnets um Strandasýslu og Ísafjarðardjúp. Búast má við verulegum framförum í þessum málum á næstu mánuðum, sem á eftir að hafa mjög jákvæð áhrif í atvinnuþróun á Vestfjörðum og jafna búsetuskilyrði verulega.

## Lokaorð

Fyrir hönd Samgöngunefndar FV þakkar undirritaður fyrir samstarfið í málaflokki síðasta árið. Við sveitarstjórnarmenn sem og stjórnvöld þessa lands þurfum að hafa í huga að með því að auka samkeppnifærni Vestfjarða með nútímalegri grunnþjónustu erum við að efla Ísland. Ungt fólk sem flýr þetta landshorn hefur allann heiminn sem valkost.

Sigurður Hreinsson.